

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/347****2021/EES/55/13****frá 10. mars 2016****um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar nákvæmt snið innherjalista og uppfærslu á innherjalistum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB ⁽¹⁾, einkum 9. mgr. 18. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 er útgefendum, þátttakendum á markaði með losunarheimildir, uppboðsvettvöngum, uppboðshöldurum og uppboðsvaktara, eða öðrum aðilum sem koma fram fyrir þeirra hönd eða aðhafast fyrir reikning þeirra, skylt að semja og halda uppfærðum lista yfir innherja í samræmi við nákvæmt snið.
- 2) Að fastsetja nákvæmt snið, þ.m.t. notkun staðlaðra sniðmáta, ætti að auðvelda samræmda beitingu kröfunnar um að gera lista yfir innherja og uppfæra þá eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 596/2014. Það ætti einnig að tryggja að lögbær yfirvöld fái nauðsynlegar upplýsingar til að sinna því hlutverki að standa vörð um heildarvirkni fjármálamarkaða og að rannsaka hugsanleg markaðssvik.
- 3) Þar eð margt konar innherjaupplýsingar geta samtímis verið fyrir hendi hjá aðila ættu innherjalistar að auðkenna nákvæmlega tiltekna innherjaupplýsingar sem aðilar, sem starfa fyrir útgefendur, þátttakendur á markaði með losunarheimildir, uppboðsvettvanga, uppboðshaldara og uppboðsvaktara, hafa haft aðgang að (hvort, t.d., um er að ræða samning, verkefni, viðburð innan fyrirtækisins eða fjármálaviðburð, birtingu reikningsskila eða afkomuviðvörðunar). Í því skyni ætti að skipta innherjalistanum í mismunandi hluta sem hver og einn inniheldur einstakar innherjaupplýsingar. Í hvern hluta ætti að skrá alla þá aðila sem hafa aðgang að sömu sérstöku innherjaupplýsingunum.
- 4) Til að þurfa ekki að skrá sömu aðila oft í mismunandi hluta innherjalistanna geta útgefendur, þátttakendur á markaði með losunarheimildir, uppboðsvettvangar, uppboðshaldarar og uppboðsvaktari, eða aðrir aðilar sem koma fram fyrir þeirra hönd eða aðhafast fyrir reikning þeirra, ákveðið að semja og halda uppfærðum viðbótarhluta innherjalistans, sem nefndur er hluti fyrir varanlega innherja, en hann er annars eðlis en aðrir hlutar innherjalistans þar sem hann er ekki stofnaður vegna sérstakra innherjaupplýsinga. Þegar svo er háttað ætti hlutinn fyrir varanlega innherja aðeins að taka til þeirra aðila sem, starfs síns eða stöðu vegna, hafa ávallt aðgang að öllum innherjaupplýsingum sem útgefandi, þátttakandi á markaði með losunarheimildir, uppboðsvettvangur, uppboðshaldari eða uppboðsvaktari búa yfir.
- 5) Innherjalistinn ætti að jafnaði að innihalda persónuupplýsingar sem gera það auðveldara um vik að auðkenna innherja. Slíkar upplýsingar ættu að innihalda fæðingardag og -ár, heimilisfang og, ef við á, landsbundið auðkennisnúmer viðkomandi einstaklinga.
- 6) Í innherjalistanum ættu einnig að vera upplýsingar sem geta orðið lögbærum yfirvöldum að liði við rannsóknir, skjóta greiningu á viðskiptahegðun innherja, við að staðfesta tengsl milli innherja og aðila sem taka þátt í grunsamlegum viðskiptum, og til að komast að því hvort þeir hafa átt í samskiptum sín á milli á mikilvægum augnablikum. Í þessu skyni eru símanúmer afar mikilvæg þar eð þau gera lögbæru yfirvaldi kleift að bregðast skjótt við og óska eftir skrá

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtfð. ESB L 65, 11.3.2019, bls. 49. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 306/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 61.

(1) Stjtfð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 1.

um gagnaumferð, ef nauðsyn krefur. Slíkar upplýsingar ætti þar að auki að láta af hendi þegar í upphafi til að heilleika rannsóknarinnar verði ekki teft í tvísýnu með því að lögbæra yfirvaldið neyðist til að leita aftur til útgefanda, þátttakanda á markaði með losunarheimildir, uppboðsvettvangs, uppboðshaldara, uppboðsvaktara eða innherja til að óska eftir frekari upplýsingum meðan á rannsókn stendur.

- 7) Til að tryggja að innherjalistinn sé tiltækur eins fljótt og auðið er eftir að lögbært yfirvald óskar eftir honum og til að stofna ekki rannsókn í hættu með því að óska eftir upplýsingum frá aðilum á innherjalistanum, skal hann vera á rafrænu formi og ávallt uppfærður án tafar þegar einhverjar þær aðstæður skapast sem tilgreindar eru í reglugerð (ESB) nr. 596/2014 og gera uppfærslu innherjalistans nauðsynlega.
- 8) Notkun sérstakra rafrænna sniða við framlagningu innherjaupplýsinga, eins og lögbær yfirvöld hafa ákvarðað, ætti einnig að draga úr stjórnsýslubyrði fyrir lögbær yfirvöld, útgefendur, þátttakendur á markaði með losunarheimildir, uppboðsvettvanga, uppboðshaldara eða uppboðsvaktara og þá sem koma fram fyrir þeirra hönd eða aðhafast fyrir þeirra reikning. Rafræna sniðið ætti að gera kleift að upplýsingunum á innherjalistanum sé haldið leyndum og að farið sé að þeim reglum sem mælt er fyrir um í lögjögf Sambandsins um vinnslu persónuupplýsinga og sendingu slíkra upplýsinga.
- 9) Ekki er nauðsynlegt að skylda útgefendur á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja til að nota rafrænt snið þegar innherjalistar eru sendir til lögbærra yfirvalda þar eð útgefendur á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja eru undanþegnir því að gera lista og uppfæra þá og geta þar af leiðandi tekið saman og geymt þær upplýsingar á öðru formi en rafrænu, eins og gerð er krafa um í þessari reglugerð gagnvart öðrum útgefendum. Að sama skapi þykir rétt að krefjast ekki afhendingar tiltekinna persónuupplýsinga ef þessir útgefendur búa ekki yfir þeim þegar óskað er eftir innherjalistanum. Alla jafnan ætti að afhenda innherjalista á þann hátt að heilleiki upplýsinganna, trúnaður og heildstæði sé tryggt.
- 10) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 11) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁾.
- 12) Til að tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaða er nauðsynlegt að þessi reglugerð öðlist gildi eins fljótt og auðið er og að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð gildi frá sama degi og ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 596/2014.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

l. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaks sem hér segir:

„rafrænar aðferðir“: notkun rafræns búnaðar til vinnslu (þ.m.t. stafrænnar samþjöppunar), geymslu og sendingar á gögnum með rafþræði, þráðlaust, með ljóstæknilegum aðferðum eða öðrum rafsegulaðferðum.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

2. gr.

Snið fyrir samningu og uppfærslu innherjalista

1. Útgefendur, þátttakendur á markaði með losunarheimildir, uppboðsvettvangar, uppboðshaldarar og uppboðsvaktarar, eða aðrir sem koma fram fyrir þeirra hönd eða aðhafast fyrir reikning þeirra, skulu tryggja að innherjalistum þeirra sé skipt í aðgreinda hluta sem tengjast mismunandi innherjaupplýsingum. Bæta skal nýjum hlutum við innherjalistann þegar nýjar innherjaupplýsingar, eins og þær eru skilgreindar í 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, koma í ljós.

Hver hluti innherjalistans skal aðeins geyma upplýsingar um einstaklinga sem hafa aðgang að þeim innherjaupplýsingum sem varða þann hluta.

2. Þeim aðilum sem um getur í 1. mgr. er heimilt að bæta viðbótarhluta við innherjalista sinn með upplýsingum um þá einstaklinga sem hafa ávallt aðgang að öllum innherjaupplýsingum („varanlegir innherjar“).

Upplýsingar um varanlega innherja í viðbótarhlutanum sem um getur í fyrstu undirgrein skulu ekki vera í öðrum hlutum innherjalistans sem um getur í 1. mgr.

3. Þeir aðilar sem um getur í 1. mgr. skulu semja innherjalistann og halda honum uppfærðum á rafrænu sniði í samræmi við sniðmát 1 í I. viðauka.

Hafi innherjalistinn að geyma viðbótarhluta eins og um getur í 2. mgr. skulu þeir aðilar sem um getur í 1. mgr. semja þann hluta og halda honum uppfærðum á rafrænu sniði í samræmi við sniðmát 2 í I. viðauka.

4. Rafrænt form sem um getur í 3. mgr. skal ávallt vera þannig að tryggt sé:

- a) að trúnaðar sé gætt um upplýsingarnar sem innherjalistinn hefur að geyma með því að tryggja að aðgangur að honum sé takmarkaður við skýrt tilgreinda aðila hjá útgefandanum, þáttakandanum á markaði með losunarheimildir, uppboðsvettvanginum, uppboðshaldaranum og uppboðsvaktaranum eða aðra aðila sem koma fram fyrir þeirra hönd eða aðhafast fyrir reikning þeirra og þurfa þennan aðgang vegna eðlis starfs síns eða stöðu,
- b) að upplýsingarnar sem innherjalistinn hefur að geyma séu réttar,
- c) að unnt sé að hafa aðgang að og endurheimta fyrri útgáfur innherjalistans.

5. Innherjalistinn sem um getur í 3. mgr. skal lagður fram með þeim rafrænu aðferðum sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir. Lögbær yfirvöld skulu birta á vefsetri sínu þær rafrænu aðferðir sem nota ber. Þessar rafrænu aðferðir skulu tryggja að heildstæðni, heilleiki og trúnaður upplýsinganna viðhaldist meðan á sendingu þeirra stendur.

3. gr.

Útgefendur á vaxtarmörkuðum lítilla og meðalstórra fyrirtækja

Að því er varðar b-lið 6. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skal útgefandi sem hefur fengið fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja afhenda lögbæru yfirvaldi, að beiðni þess, innherjalista í samræmi við sniðmátíð í II. viðauka og á sniði sem tryggir að heildstæðni, heilleiki og trúnaður upplýsinganna viðhaldist meðan á sendingu þeirra stendur.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. júlí 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

SNIÐMÁT 1

Innherjalisti: hluti sem tengist [heiti innherjaupplýsinga sem tengjast viðkomandi samningi eða atburði]

Dagsetning og tími (þegar þessi hluti innherjalistans var gerður, þ.e. þegar þessar innherjaupplýsingar voru tilgreindar): [áááá-mm-dd, kk:mm UTC (samræmdur heimstími)]

Dagsetning og tími (síðasta uppfærsla): [áááá-mm-dd, kk:mm UTC (samræmdur heimstími)]

Dagsetning sendingar til lögbærs yfirvalds: [(áááá-mm-dd)]

| Eiginnafn eða -nöfn innherjans | Kenninamn eða -nöfn innherjans | Kenninamn eða -nöfn innherjans við fæðingu (ef annað) | Vinnusími eða -símar (bein lína í vinnu og farsímanúmer í vinnu) | Heiti fyrirtækis og heimilisfang | Starf og ástæða fyrir innherjastöðu | Upphaf aðgangs (dagsetning og tími þegar aðili fékk aðgang að innherjaupplýsingum) | Lok aðgangs (dagsetning og tími þegar aðili hætti að hafa aðgang að innherjaupplýsingum) | Fæðingardagur og -ár | Landsbundið auðkennisnúmer (ef við á) | Einkasímanúmer (heimanúmer og farsímanúmer) | Fullt heimilisfang einstaklings: götuheiti, húsnúmer, borg, póstnúmer, land) |
|--------------------------------|--------------------------------|---|--|--|--|--|--|----------------------|---------------------------------------|---|--|
| [Texti] | [Texti] | [Texti] | [Númer (ekkert bil)] | [Heimilisfang útgefanda/ þátttakanda á markaði með losunarheimildir/ uppboðsvettvangs/ uppboðshaldara/ uppboðsvaktara eða þriðja aðila innherja] | [Texti sem lýsir hlutverki, starfi og ástæðu fyrir því að vera í þessari skrá] | [áááá-mm-dd, kk:mm UTC] | [áááá-mm-dd, kk:mm UTC] | [áááá-mm-dd] | [Númer og/eða texti] | [Númer (ekkert bil)] | [Texti: nákvæmt heimilisfang innherjans — Götuheiti og húsnúmer — Borg — Póstnúmer — Land] |

SNIÐMÁT 2

Hluti innherjalistans fyrir varanlega innherja

Dagsetning og tími (þegar hlutinn fyrir varanlega innherja var gerður) [áááá-mm-dd, kk:mm UTC (samræmdur heimstími)]

Dagsetning og tími (síðasta uppfærsla): [áááá-mm-dd, kk:mm UTC (samræmdur heimstími)]

Dagsetning sendingar til lögbærs yfirvalds: [(áááá-mm-dd)]

| Eiginnafrn eða -nöfn innherjans | Kenninafrn eða -nöfn innherjans | Kenninafrn eða -nöfn innherjans við fæðingu (ef annað) | Vinnusími eða -símarn (bein lína í vinnu og farsímanúmer í vinnu) | Heiti fyrirtækis og heimilisfang | Starf og ástæða innherjastöðu | Skráning (dagsetning og tími þegar aðili var skráður í hlutann fyrir varanlegra innherja) | Fæðingardagur og -ár | Landsbundið auðkennisnúmer (ef við á) | Einkasímanúmer (heimanúmer og farsímanúmer) | Fullt heimilisfang einstaklings (götuheiti, húsnúmer, borg, póstnúmer, land) |
|---------------------------------|---------------------------------|--|---|---|--|---|----------------------|---------------------------------------|---|--|
| [Texti] | [Texti] | [Texti] | [Númer (ekkt bil)] | [Heimilisfang útgefanda/þátttakanda á markaði með losunarheimildir/ uppboðsvettvangs/ uppboðshaldara/ uppboðsvaktara eða þriðja aðila innherja] | [Texti sem lýsir hlutverki, starfi og ástæðu fyrir því að vera á þessum lista] | [áááá-mm-dd, kk:mm UTC] | [áááá-mm-dd] | [Númer og/eða texti] | [Númer (ekkt bil)] | [Texti: nákvæmt heimilisfang innherjans — Götuheiti og húsnúmer — Borg — Póstnúmer — Land] |

II. VIÐAUKI

Sniðmát fyrir innherjalista sem útfendur fjármálagerninga sem eru teknir til viðskipta á vaxtarmörkuðum lítilla og meðalstórra fyrirtækja skulu senda

Dagsetning og tími (stofnun): [áááá-mm-dd, kk:mm UTC (samræmdur heimstími)]

Dagsetning sendingar til lögbærs yfirvalds: [áááá-mm-dd]

| Eiginnafrn eða -nöfn innherjans | Kenninafrn eða -nöfn innherjans | Kenninafrn eða -nöfn innherjans við fæðingu (ef annað) | Vinnusími eða -símarn (bein lína í vinnu og farsímanúmer í vinnu) | Heiti fyrirtækis og heimilisfang | Starf og ástæða innherjastöðu | Upphaf aðgangs (dagsetning og tími þegar aðili fékk aðgang að innherjaupplýsingum) | Lok aðgangs (dagsetning og tími þegar aðili hætti að hafa aðgang að innherjaupplýsingum) | Landsbundið auðkennisnúmer (ef við á) annars fæðingardagur og -ár | Fullt heimilisfang einstaklings (götuheiti, húsnúmer, borg, póstnúmer, land) (ef það liggur fyrir þegar lögbært yfirvald leggur fram beiðnina) | Einkasímanúmer (heimanúmer og farsímanúmer) (ef það liggur fyrir þegar lögbært yfirvald leggur fram beiðnina) |
|---------------------------------|---------------------------------|--|---|--|--|--|--|---|--|---|
| [Texti] | [Texti] | [Texti] | [Númer (ekkert bil)] | [Heimilisfang útgefanda eða þriðja aðila innherja] | [Texti sem lýsir hlutverki, starfi og ástæðu fyrir því að vera á þessum lista] | [áááá-mm-dd, kk:mm UTC] | [áááá-mm-dd, kk:mm UTC] | [Númer og/eða texti eða áááá-mm-dd fyrir fæðingardag og -ár] | [Texti: nákvæmt heimilisfang innherjans — Götuheiti og húsnúmer — Borg — Póstnúmer — Land] | [Númer (ekkert bil)] |